

Nefndasvið Alþingis  
Allsherjarnefnd  
b/t Elínar Valdísar Þorsteinsdóttur  
nefndarritari  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík



Reykjavík, 26. maí 2010.

Efni: Frumvarp til laga um breytingu á almennum hegningarlögum, nr. 19/1940. (547. mál)

*Viðskiptaráð þakkar nefndinni fyrir það tækifæri að fá að veita umsögn um ofangreint frumvarp sem felur í sér innleiðingu á heimild til upptöku ólögmeats ávinnings án sakfellingar í almenn hegningarlög.*

Ofangreint frumvarp felur í sér breytingu á reglum almennra hegningarlaga um upptöku verðmæta samkvæmt b.lið 69. gr. laganna. Samkvæmt b.lið ákvæðisins er gert ráð fyrir að sekt hafi verið sönnuð áður en kemur til upptöku verðmætis í eigu þess sem gerst hefur sekur um brotið, maka þess eða lögaðila sem brotlegi hafði ráðandi stöðu í.

Grunnforsenda upptöku samkvæmt b.lið 69. gr. er að aðili hafi gerst sekur um brot eða hefur bein fjárhagsleg tengsl við þann seka, þ.e. maki eða lögaðili, ásamt uppfylltum skilyrðum 1. og 2. liðar 1. mgr. Með þeirri breytingu sem frumvarpið leggur til verður veitt undanþága frá þessu ákvæði þegar sennilegt þykir að framið hafi verið brot ef beitt hefði verið reglum um sönnunarmat í einkamálum, þ.e. heimild veitt til að leita dóms um upptöku án nokkurrar ákæru á þeim forsendum að um sennilegt brot væri að ræða samkvæmt reglum um sönnunarmat í einkamálum.

Þau rök sem koma fram í greinargerð með frumvarpinu fyrir því að setja slíkt ákvæði í gildandi lög er að auka líkur á því að það takist að endurheimta verðmæti úr höndum þeirra sem í aðdraganda og kjölfar fjármálahruns hafa auðgast með óréttum hætti ásamt því að draga úr hvata til brotastarfsemi. Nú þegar hefur verið farið út í margvíslegar aðgerðir til að endurheimta þau verðmæti sem með ólögmeatum hætti var skotið undan fyrir, við eða í kjölfar hrunsins, t.d. með stofnun embættis sérstaks saksóknara og heimild skattransóknarstjóra til kyrrsetningar eigna aðila sem eru til rannsóknar. Það verður ekki tekið undir með höfundi frumvarpsins að sérstækt ákvæði sem þetta þjóni tilgangi þeim sem það er ætlað umfram þær aðgerðir sem þegar hefur verið farið úti eða muni virka sem hvati til að draga úr brotastarfsemi.

Greinargerð með frumvarpinu vísar til þess að ákvæði frumvarpsins sé ætlað að heimila upptöku í málum þar sem ekki er hægt að sakfella aðila fyrir brot, t.d. vegna skorts á sönnunargögnum eða af réttarfarslegum ástæðum. Sakfelling hlýtur að teljast forsenda fyrir refsingu, ákvæði eins og frumvarpið mælir fyrir um samrýmast því ekki grunnhugmyndum réttarríkis um refsingu eftir að sekt hefur verið sönnuð. Ekki verður heldur tekið undir með höfundi frumvarpsins að ákvæði sé ekki í ósamræmi við 69. gr. stjórnarskrár, upptaka verðmætis er í sjálfu sér hluti af refsingu og fer þetta ákvæði því gegn ofangreindu ákvæði stjórnarskrár.

*Viðskiptaráð leggur til að ofangreint frumvarp nái ekki fram að ganga.*

Virðingarfyllst,

---

Þórdís Bjarnadóttir  
Lögfræðingur  
Viðskiptaráð Íslands